

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI
- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -
VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 5517292

19. ágúst 1997

Kæru félagar.

Vetrarstarf Richard Wagnerfélagsins hefst **20. september**, en þá verður **forseti Alþjóðasamtaka Wagnerfélagsins, Josef Lienhart**, staddur hér í boði félagsins og Goethe Instituts. Hann mun segja frá Wieland Wagner og sýna fjölda litskyggnimynda frá uppfærslum hans. Nefnist erindið:

Szene in Licht und Farbe - Wieland Wagner in Bayreuth.

Wieland Wagner var, svo sem kunnugt er, barnabarn Richards og Cosimu Wagner, sonur Siegfrieds og Winifred Wagner. Það var hann, ásamt Wolfgang bróður sínum og núverandi húsbónda í Festspielhaus í Bayreuth, sem endurreistu starf leikhússins eftir seinni heimsstyrjöldina og þeir komu á því sem oft er talað um sem Neu-Bayreuth eða Werkstatt Bayreuth. Uppfærslur Wielands, en hann bæði leikstýrði og hannaði allt útlit sýninga, voru mjög rómaðar og var fráfall hans árið 1966, er hann var aðeins 49 ára að aldri, mikill missir fyrir leikhúshelminn og ekki síst Bayreuther Festspiele.

Fyrirlestur Josefs Lienhart verður í húsnæði **Goethe Instituts, Tryggvagötu 26 og hefst kl. 16.00.**

Um kvöldið þann 20. september verður svo efnt til **haustfagnaðar Wagnerfélagsins með kvöldverði á Þingholti í Hótel Holti**. Velslustjóri verður Þóroddur Harðarson prófessor og yfirlæknir. Líkt og í fyrra verða bæði ræðuhöld og annað til skemmtunar auk þrjú máltíðar á hóflegu verði (kr. 2.800). Ræðumenn verða þeir Þorkell Helgason orkumálastjóri, sem mun segja frá heimsókn sinni og Helgu Ingólfsdóttur samballeikara á sýningar Niflungahringingsins í Bayreuth nú í sumar og heidursgestur kvöldsins, Josef Lienhart. Lienhart mun síðan segja frá framtíðarhorfum Bayreuthhátíðinnar, sérstaklega með tilliti til þess, hvaða horfur séu á því að yfirstjórn hátíðarinnar verði áfram í höndum afkomenda Wagners. Wolfgang Wagner, sem stjórnað hefur hátíðinni einn frá dauða Wielands, hefur sætt harðri gagnrýni frá nokkrum afkomendum Richards Wagner af yngri kynslóðinni. Hafa þeir reynt að sverta hann sem mest og telja sjálfa sig mun betur að því komna að halda um stjórnvölinn. Nýútkomin bók sonar Wolfgangs, Gottfrieds Wagner, sem ber heitið: "Wer nicht mit dem Wolf heult", fer hörðum orðum um föðurinn og hefur orðið tilefni til yfirlýsinga frá Wolfgang Wagner og yfirstjórn Bayreuthborgar, sem sendar hafa verið formönnum allra Wagnerfélaga, og er þar einkum ásökunum Gottfrieds í garð föður síns og hátíðarinnar um andgyðingleg viðhorf alfarið vísað á bug. Til marks um alvöru málsins, segir í yfirlýsingu borgarstjórnanna þriggja í Bayreuth, sem lýsa yfir einróma stuðningi við allt starf Wolfgangs Wagner: "*Die Stadt Bayreuth kann es nicht zulassen, daß offenkundige Persönlichkeitsprobleme Gottfrieds Wagners in einer exzessiven Sohn-Vater-Aggression zur Beschädigung der Bayreuther Festspiele eingesetzt werden.*"

Félagsmenn eru beðnir **að tilkynna þátttöku sína í kvöldverðinum á Hótel Holti með góðum fyrirvara, og eigi síðar en 18. september** ritara félagsins, Jóhannesar Jónassonar í síma 5626904 (heimasími), 8812230 (símsvari) eða á netfang johanjo@itn.is

Vetrarstarf félagsins að öðru leyti verður nánar kynnt innan skamms, en fyrirhugað er m.a. áframhald á sýningum í Norræna húsinu á óperum meistarans af myndböndum. Að þessu sinni verða fyrri óperur hans fyrir valinu, Hollendingurinn fljúgandi, Tannhäuser og Lohengrin. En meira um það síðar.

Á baksíðu er könnun á áhuga félagsmanna á að heimsækja Bayreuthhátíðina 1998. Athugið að svör þurfa að hafa borist formanni fyrir 1. október.

Með kærri kveðju

Seima Guðmundsdóttir formaður

BAYREUTH 1998

Vonast er til að framhald verði á Bayreuthferðum á vegum félagsins. Í ár fengust miðar fyrir átta félagsmenn. Fjórir sjá Niflungahringinn og aðrir fjórir sjá Meistarasöngvarana og Tristan og Isolde.

Við viljum nú kanna fyrirfram hverjir hafa áhuga á Bayreuthferð árið 1998, þannig að hafa megi hliðsjón af þeirri könnun við pöntun miða. Miðapöntun þarf að gerast í byrjun október og greiðsla miða að fara fram fljótlega upp úr áramótum. Þeir sem áhuga hafa á að sjá sýningar í Bayreuth 1998 eru beðnir um að fylla út svareðilinn og senda hann til formanns fyrir **1. október nk.**

Þeir, sem áður hafa skýrt frá áhuga sínum munnlega eru einnig beðnir um að fylla seðilinn út og senda. Miðaverð er frá ca 50 - 300 DM á sýningu.

Bayreuthhátiðin stendur yfirleitt yfir frá 25. júlí til 28. ágúst og verða líklega sömu sýningar 1998 og í ár, þ.e. Niflungahringurinn, Meistarasöngvararnir, Tristan og Isolde og Parsifal.

(Klippið eða ljósritið)

Bayreuthferð 1998. Ósk um að fá miða. Sendist formanni fyrir
1.okt. (Vesturgata 36B, 101R)

Nafn(nöfn)ogheimilisfang:.....
.....
.....

Miðar óskast á eftirfarandi sýningar (setjið númer 1-4 eftir
forgangsröð ykkar):

Niflungahringurinn.(4 sýningar).....,Meistarasöngvararnir.....

Tristan.....,Parsifal.....

Getur viðkomandi sótt sýningar hvenær sem er á tímabilinu 25/7-
28/8:.....
.....

Æskilegtmiðaverð:.....

Annað:.....